

**REGLUGERÐ****um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.****1. gr.**

Þangað til öðru vísi verður ákvæðið eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði á Vopnafjarðargrunni, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°22'N og 13°05'V
2. 66°23'N og 12°12'V
3. 66°03'N og 12°33'V
4. 65°59'N og 13°27,5'V.

**2. gr.**

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4 desember 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja  
nr. 291 29. maí 1979.****1. gr.**

Við 5. gr. bætist nýr stafliður:

- k. Verð lyfja skal ávallt rita á lyfseðil. Verð umbúða samkvæmt reglum lyfja-verðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

**2. gr.**

6. gr. stafliður h orðist svo:

- h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

**3. gr.**

7. gr. stafliður a orðist svo:

- a. Lyfseðlar eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

## 4. gr.

7. gr. stafliður b orðist svo:

- b. Lyfseðill gildir aðeins fyrir eina afgreiðslu. Þegar lyf er afgreitt eftir lyfseðli skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal getið á lyfseðlinum.

## 5. gr.

10. gr. stafliður o, liður V orðist svo:

- o. Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín:  
 „Venjulegur dagsskammtur: 400 a. e.“ Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín og A-vítamín:  
 „Venjulegur dagsskammtur A-vítamíns: 5 000 a. e.  
 Venjulegur dagsskammtur D-vítamíns: 400 a. e.“

## 6. gr.

Við 10. gr. staflið o bætist nýr liður, XI svohljóðandi:

- XI. Lyf í fljótandi formi, sem innihalda hexaklórófen í meira magni en 0.1% skal auðkenna með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „Gætið þess, að lausnin komist ekki í vit, sár eða fleiður.“

## 7. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við Viðauka 1 við reglugerðina (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athuga-sendir	Dæmi
Chlorquinaldolum	Pasta, smyrslí	Ekki yfir 50 mg/g	

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 465/1979 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 3. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaksturs á félagssvæði  
 Bílstjórafélags Akureyrar.

## 1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Bílstjórafélags Akureyrar, en það nær yfir Akureyri.